

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hornafirði, 10. febrúar 2021
nr. erindis 202101113 MÁ


Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 115. mál.

Sveitarfélagið hefur tekið málið fyrir nokkrum sinnum á undanförunum árum en þingsályktunin hefur ekki komist á dagskrá Alþingis á þessu kjörtímabili. Sveitarfélagið hvetur þingmenn til að setja málið á dagskrá á þessu þingi.

Þingsályktunartillöguninni er fagnað af bæjarráði Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem telur að með framgöngu hennar styrkist uppbygging atvinnulífs og ferðaþjónustu á Suðausturlandi enn frekar. Í undirbúningi er bygging lúxus hótels á Svínhólum í Lóni þar sem markhópurinn eru velefnaðir ferðamenn. Kvikmyndaverkefnum fjölga í sveitarfélaginu og er algengt að þátttakendur í slíkum verkefnum kjósi að fljúga beint til Hornafjarðar.

Ekki er síður mikilvægt að horft sé til öryggis í flugsamgöngum milli landa en staðsetning vallarins er vel staðsettur landfræðilega og einnig veðurfarslega. Hornafjarðarflugvöllur hentar vel fyrir litlar og meðalstórar ferjuflugvélar á leið til og frá landinu. Allur aðbúnaður er nú til staðar en einungis þarf að bæta aðstöðu vegna tollafgreiðslu en þess. Nýlega var ljósabúnaður uppfærður miðað við Evrópustaðla.

Virðingarfyllst


Matthildur Ásmundardóttir, bærarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

